**Ed.** **882. Þingsályktun**

um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og koma fram með tillögur um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 17. sept.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa 3 lækna í milliþinganefnd til þess að rannsaka á hvern hátt megi best verjast berklaveikinni hjer á landi.

Nefnd þessi leggi síðan rökstuddar tillögur sínar fyrir næsta þing, og þá sjerstaklega tillögur um þær breytingar á löggjöfinni, er hún telur nauðsynlegar í þessu efni.